

ferðalög



Vikingar Gönguhópurinn ákvað að fara í utanlandsferð í tilefni af því að tíu ár eru liðin frá því að farið var í fyrstu gönguferðina innanlands yfir Fimmvörðuháls.

Víkingar í Pýreneafjöllum

Sextán manna gönguhópur, sem til varð í Víkinni fyrir tíu árum, fór í sína fyrstu utanlandsreiðu í sumar. Gengið var í viku um Katalóníu og Aragóníu. Jóhanna Ingvarsdóttir heyrði ferðasöguna.

Það er óhætt að segja að sumir hafi undirbúið sig betur en aðrir fyrir Spánargönguna, því á meðan sumir menn klifu bæði Kilimanjaro og Hvannadals-hnjúk létu aðrir Esjuna duga,“ segja hjónin Anna Gísladóttir og Eiríkur Einarsson, sem fóru í sumar með gönguhópnum sínum úr röðum áhangenda Víkinga í vikulanga gönguferð um Pýreneafjallgarðinn sem skipulögð hafði verið af Göngu-Hrólfí, deildar innan Úrvals-Útsýnar.

Flogið var til Barcelona og gengið um tvo þjóðgarða Spánverja, annars vegar Aigüestortes í Katalóníu og Ordesa í Aragóníu. Ekið var 300 km frá flugvellið til bæjarins Esport þar sem áð var fyrstu nóttina. Rigning og hagléll herjuðu á hópinn fyrsta göngudaginn, en síðan tók við sólar og 20 stiga hiti. Næstu þrjár nætur var gengið frá bænum Boí í Katalóníu og síðustu þrjár næturnar frá bænum Torla í Aragóníu. Gengið var í sex daga og hæst farið í 2.400 metra hæð. Notast var endrum og sinnum við fjallataxa og hópferðabíla til að komast til og frá göngustöðum. Gengnir voru tíu til tuttugu km á dag eða í fimm til átta tíma. Þótt göngumenn þyrftu hvorki að klifra né erfiða mjög á leiðinni var nauðsynlegt að vera í þokkalegu formi. „Það þýðir ekkert að standa upp úr sófanum eftir veturinn og ætla sér í svona göngu,“ segir Eiríkur.

Enginn sprakk á limminu

Tíu ár eru liðin síðan Víkingarnir fóru að ganga saman, en upphafið má rekja til þess að Eiríkur fór með hóp-

inn yfir Fimmvörðuháls. „Síðan höfum við farið í eina sameiginlega gönguferð á hverju sumri og svo göngum við saman einn sunnudag í hverjum mánuði yfir vetrartímann, í hvaða veðri sem er. Um síðustu áramót var ákveðið að gefa svolítið í og fjölga gönguferðunum um helming. Menn tóku sig svolítið alvarlega enda sprakk enginn á limminu á Spáni,“ segir Anna, sem fengið hefur verið að vera óáreitt sjálfskipaður formaður hópsins. Eiríkur náði því svo hinn 29. janúar sl. að komast upp á topp Kilimanjaro í Tansaníu, sem er 5.895 metra há, ásamt bræðrunum Kristjáni og Ólafi Karveli Pálssonum á sextugsafmæli þess síðastnefnda, en Eiríkur og Ólafur Karvel eru vinnufélagar á Hafrannsóknastofnun.

Ferðafélagarnir í hópi Víkinga voru alls sextán talsins undir fararstjórn Margrétar Jónsdóttur og Dagnýjar Bjarnadóttur. Ferðin hafði verið ákveðin með tveggja ára fyrirvara og þá var jafnframt hafin fjársöfnun. Ferðin kostaði 110 þúsund krónur með öllu inniföldu, þar með töldum mat. „Ferðin stóðst svo sannarlega allar okkar væntingar og rúmlega það enda nutum við frábærs spænskumælandi fararstjóra, sem hefur verið búsett á Spáni og er þar öllum hnútum kunnug.“

„Parna er landslag, gróðurfar og dýralíf mjög fjölbreytt. Há fjöll, djúpir dalir, fögur vötn, lítil sveitaþorp, eyðiborð með hrörlegum húsum og breiður af lyngrós og öðrum gróðri einkenna svæðið,“ segir Anna.

Þetta eru lífsins lystisemdir

Gönguhópurinn hefur verið nafnlaus hingað til, en í ferðinni fékk



Boídalur Gist var í bænum Boí í samnefndum dal í þrjár nætur.



Göngugarpar Hjónin Anna Gísladóttir og Eiríkur Einarsson í fjallgöngu.

hann heitið „Lífsins lystisemdir“. „Við uppgötvuðum það nefnilega í ferðinni að við kæmumst ekkert nær því að njóta lífsins lystisemda en með því að ganga saman, njóta samveru hvert við annað, borða góðan mat og síðast en ekki síst spila golf því golf-áhugamönnum í hópnum fer sífellt fjölgandi. Eftir viku göngutúr hélt hópurinn til sólarbæjarins Sitges, sem er rétt sunnan við Barcelona, og þar biðu golfsettin eftir eigendum sínum. „En nú eru að hefjast viðhaldsgöngur hér heima og er stefnt að fyrstu gönguferðinni á sunnudaginn enda er mikill áhugi fyrir annarri utanlandsreiðu úr því það tókst svo vel til með þessa fyrstu ferð okkar til útlanda,“ segir Anna að lokum.

join@mbl.is

Ný gjaldskrá hjá Útivist

FERÐAFÉLAGIÐ Útivist hefur ákveðið gjaldskrá í skálum félagsins fyrir árið 2007 og tekur gildi 1. janúar.

Almennt gistiverð í skálanum í Básum, Strút og á Fimmvörðuhálsi verður 2.000 kr. en 1.700 kr. í skálum við Sveinstind, Álftavötn og í Skælingum. Verð til félagsmanna í Útivist verður hins vegar 1.200 kr. fyrir nóttina í öllum skálum. Verð á tjaldgistingu

við alla skála er 750 kr. á mann. Í fréttatilkynningu segir að verðhækkun milli ára miðist við að halda í við almennar verðhækkunar til að rekstrargrundvöllur skálanna haldist.

Vetrargisting vinsæl

Það nýtur töluverðra vinsælda að gista í Útivistarskálunum yfir vetrartímann og hentar skálinn við Strút sérlega vel hvort heldur

ferðast er á jeppum, vélsleðum eða á gönguskiðum. Skálarnir hafa nú verið undirbúnir fyrir veturinn og eru læstir. Panta þarf gistingu á skrifstofu félagsins og fæst þá lyk-ill að viðkomandi skála. Þó er enn skálavarsla í Básum til 15. október en ferðamönnum er bent á að panta gistingu vegna mikillar aðsóknar.

Skrifstofa Útivistar er opin kl. 10–17 og síminn er 562 1000.



Útivist Vinsælt er að æja í skálanum við Strút yfir vetrartímann á fjöllum.